

Föstudaginn 13. mars 1998.

Nr. 92/1998.

Kranabíllinn ehf.

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Loga Guðbrandssyni,**héraðsdómara á Austurlandi**

(enginn)

Kærumál. Nauðasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. febrúar 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um staðfestingu nauðasamnings. Kæruheimild er í 1. mgr. 59. gr., sbr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að staðfest verði frumvarp að nauðasamningi, sem samþykkt var á fundi með atkvæðismönnum 18. desember 1997.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Sóknaraðila var veitt heimild með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 7. október 1997 til að leita nauðasamnings samkvæmt samningsfrumvarpi, þar sem hann bauð greiðslu á 20 hundraðshlutum samningskrafna með áskilnaði um 10.000 króna lágmarksgreiðslu. Umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum fékk birta innköllun í fyrra skipti í Lögbirtingablaði 31. október 1997. Innan kröfulýsingarfrests, sem markaðist af þeirri birtingu, lýsti meðal annarra sýslumaðurinn á Seyðisfirði kröfu 29. október 1997 vegna ógreiddra opinberra gjalda, sem voru talin nema samtals 4.911.465 krónum. Af þeirri fjárhæð voru 704.773 krónur sagðar vera vegna vanskila sóknaraðila á staðgreiddum opinberum gjöldum og 1.458.600 krónur vegna virðisaukaskatts. Í kröfulýsingunni lýsti sýslumaður sérstaklega yfir því, að „ekki mun verða mælt með nauðasamningi“.

Í skrá um lýstar kröfur 8. desember 1997 taldi umsjónarmaður heildarfjárhæð samningskrafna vera 6.856.347 krónur, sem skiptust á fjórtán atkvæðismenn með jafnmörg atkvæði eftir höfðatölu. Af þeirri fjárhæð var krafa sýslumannsins á Seyðisfirði talin nema 2.794.822 krónum, og átti að fylgja henni eitt atkvæði um samningsfrumvarpið eftir höfðatölu, en 40,76 hundraðshlutar atkvæða eftir fjárhæðum. Í bréfi umsjónarmannsins til sýslumanns frá sama degi var gefin sú skýring á fjárhæð samningskröfu hins síðarnefnda í kröfuskránni, að breytingar hefðu orðið eftir kröfulýsingu til lækkunar á kröfum, sem nyttu lögveðsréttar í eignum sóknaraðila, auk þess, að eftirstöðvar lögveðskrafna yrðu að teljast nægilega tryggðar, þannig, að þær yrðu ekki taldar til samningskrafna. Ekki verður séð, að sýslumaður hafi gert athugasemd af þessu tilefni.

Umsjónarmaðurinn hélt fund með atkvæðismönnum 10. desember 1997 til að greiða atkvæði um nauðasamningsfrumvarp sóknaraðila. Fundurinn var sóttur af lánardrottnum, sem fóru með fimm atkvæði um frumvarpið eftir höfðatölu, en 32,9 hundraðshluta atkvæða eftir kröfufjárhæðum. Í fundargerð var meðal annars fært, að lögmaður sóknaraðila hefði greint frá því, að tilboð hefði borist frá SR-mjöli hf. um lánaþyrirgreiðslu, sem væri liður í nauðasamningsumleitunum. Sagði síðan eftirfarandi: „Fyrirgreiðslan yrði skilyrt og bundin því, að lánsfé rynni til greiðslu á vörsluskattaskuld við embætti sýslumannsins á Seyðisfirði. Ráðagerðin er sú, að framkvæmdastjóri félagsins sé lántakandinn, en að lánið sé greitt niður af viðskiptum félagsins við SR-mjöl. Ekki hefur verið tekin nein afstaða til þessara ráðagerða, en viðhorf fundarmanna er, að þær skuli skoðaðar áfram. Ráðagerðirnar hafa áhrif á kröfuskrá, og var nánar gerð grein fyrir þeim breytingum.“ Við atkvæðagreiðslu, sem fór síðan fram um frumvarpið, sat einn lánardrottinn hjá, en önnur atkvæði, fjögur eftir höfðatölu og 27,53 hundraðshlutar eftir kröfufjárhæðum, féllu til stuðnings því. Var þá ákveðið að halda nýjan fund til að halda áfram atkvæðagreiðslu 18. sama mánaðar.

Á þeim fundi, sem síðast var getið, var lögð fram ný kröfulýsing frá sýslumanninum á Seyðisfirði, þar sem kröfur hans á hendur sóknaraðila voru lækkaðar í 796.101 krónu, en samkvæmt þar greindri sundurliðun var ekki lengur gerð krafa vegna staðgreiðslu opinberra gjalda eða virðisaukaskatts. Þá lagði umsjónarmaðurinn

einnig fram nýja skrá um lýstar kröfur, þar sem tekið hafði verið til-
lit til breytinga á kröfum sýslumannsins. Taldist hann þar fara með
eitt af fjórtán atkvæðum um samningsfrumvarpið eftir höfðatölu, en
17,02 hundraðshluta eftir kröfufjárhæðum. Eftir atkvæðagreiðslu á
fundinum töldust tólf atkvæði eftir höfðatölu hafa fallið til stuð-
nings nauðasamningsfrumvarpinu og 90,87 hundraðshlutar atkvæða
eftir kröfufjárhæðum, þar á meðal atkvæði sýslumannsins á Seyðis-
firði. Þar sem frumvarpið þurfti stuðning 80 hundraðshluta atkvæða
á báða vegu, taldist það hafa hlotið samþykki á fundinum.

Með bréfi 23. desember 1997 krafðist sóknaraðili þess fyrir
Héraðsdómi Austurlands, að nauðasamningur fyrir hann yrði stað-
festur. Sú krafa er til úrlausnar í þessu máli.

II.

Samkvæmt því, sem áður var rakið, var þess sérstaklega getið í
kröfufýsingu sýslumannsins á Seyðisfirði 29. október 1997, að hann
myndi ekki mæla með nauðasamningi, eins og þar var komist að
orði. Þau ummæli verða ekki skilin öðruvísi en svo, að sýslumaður-
inn hafi látið í ljós, að hann myndi ekki greiða atkvæði með sam-
þykkt nauðasamningsfrumvarps sóknaraðila. Þar sem kröfu sýslu-
manns fylgdu 40,76 hundraðshlutar atkvæða eftir kröfufjárhæðum
samkvæmt kröfuskrá, sem var lögð til grundvallar við atkvæða-
greiðslu á fundi umsjónarmanns með atkvæðismönnum 10. desem-
ber 1997, hefði frumvarpið þegar verið fellt á þeim fundi, ef sýslu-
maður hefði sótt hann og greitt atkvæði í samræmi við framan-
greinda afstöðu. Á tímabilinu fram til næsta fundar 18. sama
mánaðar hefur sýnilega gengið eftir áðurnefnd ráðagerð, sem var
kynnt á fyrri fundinum, að talsverður hluti krafna sýslumannsins
yrði greiddur. Atkvæði sýslumanns, sem fór, eins og áður segir, á
umræddum síðari fundi með 17,02 hundraðshluta atkvæða eftir
kröfufjárhæðum, hefði nægt þar til að fella frumvarp sóknaraðila,
eins og atkvæði féllu þar að öðru leyti. Sýslumaður greiddi hins veg-
ar atkvæði með frumvarpinu. Á sinnaskiptum sýslumanns í þessum
efnum hafa ekki verið færðar fram sérstakar skýringar. Eins og mál-
ið liggur fyrir, er óhjákvæmilegt að rekja þau til þeirrar greiðslu,
sem verður að leggja til grundvallar, að hafi verið innt af hendi á
milli funda með atkvæðismönnum. Þótt hermt hafi verið, að fé til

greiðslunnar hafi verið fengið með lántöku eina hluthafans í sóknaraðila hjá SR-mjöli hf., verður ekki litið fram hjá því, að á fundi 10. desember 1997 kom berlega fram, að ætlunin væri, að sóknaraðili staði að endurgreiðslu fjárins. Verður þessari ráðstöfun því fyllilega jafnað til þess, að sóknaraðili hafi sjálfur innt greiðsluna af hendi.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, verður fallist á það með héraðsdómi, að atvik í málinu séu með þeim hætti, sem um ræðir í 2. tölulið 1. mgr. 57. gr. laga nr. 21/1991. Verður þegar af þeirri ástæðu staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar um að hafna kröfu sóknaraðila um staðfestingu nauðasamnings.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 10. febrúar 1998.

Ár 1998, þriðjudag 10. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15 af Hilmarí Gunnlaugssyni héraðsdómsfulltrúa, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 1/1997.

Skuldari, Kranabíllinn ehf., kt. 411189-1129, Ránargötu 2, Seyðisfirði, fékk með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 7. október 1997 heimild til að leita nauðasamnings. Með bréfi lögmanns skuldara, dagsettu 23. desember 1997 og mótteknu sama dag, barst dóminum krafa skuldara um staðfestingu nauðasamnings. Með kröfunni fylgdu flest þau gögn, sem boðið er í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 21/1991, að fylgja skuli slíkri kröfu, en dóminum barst yfirlýsing umsjónarmanns 31. desember 1997 ásamt gögnum hans. Var þá boðað til þinghalds samkvæmt 55. gr. áðurnefndra laga, og birtist auglýsing þar um í Lögbirtingablaðinu 23. janúar 1998.

Ekki var sótt þing af öðrum en skuldara 30. janúar 1998. Kemur því eingöngu til skoðunar, hvort skilyrðum 57. gr. laga nr. 21/1991 sé fullnægt.

Samkvæmt yfirlýsingu umsjónarmanns er frumvarp skuldara að nauðasamningi svohljóðandi:

- „1. Lánardrottnum, sem fara með samningskröfur, er boðin greiðsla á 20% – tuttugu hundraðshlutum – krafna sinna, þó þannig, að lágmarksgreiðsla til hvers þeirra verður 10.000 kr., og greiðast kröfur til og með þeirri fjárhæð að fullu.
2. Greiðsla mun fara fram í einu lagi, þegar liðinn er áfryjunarfrestur til

Hæstaréttar, án þess að áfrýjun hafi farið fram, eftir að nauðasamningur hefur verið staðfestur af héraðsdómi.

3. Trygging verður ekki veitt fyrir framangreindri greiðslu. Vextir reiknast ekki á greiðsluna.“

Í áðurnefndri yfirlýsingu umsjónarmanns með nauðasamningsumleitun um skuldara segir m. a.: „Svo sem fram kemur í meðfylgjandi gögnum, mun skuldara hafa orðið það ljóst í aðdraganda atkvæðagreiðslu, að samningsfrumvarpið fengist ekki samþykkt af kröfuhöfum nema því aðeins, að gengið væri frá skuld við innheimtumann ríkissjóðs vegna vangoldinna vörsluskatta, að fjárhæð um 2,2 m. kr. Til þess að freista þess að ná markmiði nauðasamningsumleitananna samdi framkvæmdastjóri og aðaleigandi fyrirtækisins um það við SR-mjöl hf., einn stærsta viðskiptaaðila þess, að veita lánaþyrirgreiðslu, til þess að ljúka mætti skuld þessari við innheimtumann. Framkvæmdastjóri skuldara var lántakandinn, en samið var um það, að skuldin yrði greidd upp af viðskiptum Kranabílsins við SR-mjöl. Þessar ráðagerðir voru kynntar mér í aðdraganda fyrri fundarins, sem haldinn var til að greiða atkvæði um frumvarpið og komu til umræðu á þeim fundi. Þegar ljóst varð, að boðað yrði til framhaldsfundar, voru ráðagerðirnar einnig kynntar öllum þekktum kröfuhöfum skuldarans með bréfi, dags. 16. desember 1997. [...] Engar athugasemdir voru gerðar við þessar ráðagerðir af hálfu nokkurs kröfuhafa.

Að athuguðu máli var það álit mitt, að ofangreindar ráðstafanir, sem skuldari greip til og gerðar voru, áður en framhaldsfundur var haldinn, væru bæði skuldara til hagsbóta sem og kröfuhöfum að teknu tilliti til eðlis þeirrar kröfu, sem verið var að greiða, fyrirkomulags lántökunnar og þess, að ráðagerðirnar voru kynntar ýtarlega öllum kröfuhöfum. Þóttu mér því ekki efni til þess að hindra framgang þessara ráðstafana.“

Í þinghaldi 30. janúar sl. var bókað eftir lögmanni skuldara, að „lögð hafi verið mikil áhersla á það að kynna öllum kröfuhöfum það samkomulag, sem náðist við sýslumanninn á Seyðisfirði vegna vörsluskattsskulda skuldara með milligöngu SR-mjöls á Seyðisfirði og framkvæmdastjóra skuldara, sem jafnframt er eini eigandi fyrirtækisins.“

Í 2. tl. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 21/1991 segir, að hafna skuli kröfu um staðfestingu nauðasamnings, ef fyrir liggur, að skuldari hafi boðið atkvæðismanni ívilnun til að fá ráðið atkvæði hans eða staðið að öðru misferli í því skyni. Kröfu sinni lýsti sýslumaðurinn á Seyðisfirði sem almennri kröfu. Samkvæmt framansögðu er ljóst, að samningur sá, sem gerður var við sýslumanninn á Seyðisfirði og hér hefur verið lýst, fól í sér ívilnun í skilningi 2. tl. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 21/1991. Er um svo skýrt brot á ákvæðum laganna

að ræða, að ekki verður komist hjá því að synja um staðfestingu nauðasamnings skuldara af þessum sökum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni skuldara, Kranabílsins ehf., kt. 411189-1129, um staðfestingu á nauðasamningi er hafnað.
